

Gjaldskrá

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi

1.gr.

Heimild

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. greinar laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. grein reglugerðar nr. 737/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 575/2013 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2.gr.

Sorphirðugjald

Sorphirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af kostnaði við hirðingu grátunnu og blátunnu. Sorptunnur eru staðsettar þar sem því er við komið, við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðahverfumhverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

Sorphirðugjöld:	Íbúðarhús:	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna.</i>
		kr. 15.000.	kr. 13.800.

3.gr.

Sorpeyðingargjald

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu.

Sorpeyðingargjöld: Íbúðarhúsnæði kr. 21.500.

Sumarbústaðir kr. 20.400.

Atvinnuhúsnæði kr. 52.500.

Sérstakt aukasorgjald er innheimt vegna gá mavalla, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaður vegna gá mavalla er jafnað niður á atvinnurekendum í sveitarfélaginu skv. magntölum frá verktaka sorphirðu og gámasvæðis. Aukasorgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekenda:

- a. flokkur kr. 40.100.
- b. flokkur kr. 79.900.
- c. flokkur kr. 119.700.
- d. flokkur kr. 199.200.
- e. flokkur kr. 265.100.
- f. flokkur kr. 399.000.
- g. flokkur kr. 532.900.
- h. flokkur kr. 666.182.
- i. flokkur kr. 799.400.

4.gr.

Leiga á sorpílátum

Hrunamannahreppi er heimilt að leigja til bændabýla og fyrirækja ílát fyrir blátunnu eða heila gáma fyrir heyplast, pappír eða almennan fyrirtækjaúrgang. Hrunamannahreppur sér um að koma ílátunum til notenda. Innifalið í leigu blátunnukara er hirðing þeirra á reglulegum dögum blátunnuhirðingar ef starfssemin er á sama hirðingarstað og blátunnur við íbúðarhús. Leigutakar þurfa síðan sjálfir að sjá um tæmingu íláta eða semja um það sérstaklega við verktaka hreppsins ef um heila gáma er að ræða.

660 l blátunnukar: Kr. 1.600 á mánuði.

1100 l blátunnukar: Kr. 2.800 á mánuði.

Midigámur: Kr. 12.600 á mánuði.


Gámur fyrir heyplast: Kr. 63.300 á ári.

5.gr.

Samþykki og staðfesting

Gjaldskrá þessi og reglur voru samþykktar af umhverfisnefnd Hrunamannahrepps þann 30. október 2018 og var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 5. nóvember 2018 og staðfest af Heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 5. desember 2018. Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1229/2017.

Hrunamannahreppur 7. desember 2018


Sveitarstjórnin í
Hrunamannahreppi

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.